

Þingflokksfundur, mánudaginn 13. mars 2017, kl. 13.

Fundinn sátu: Ásta Guðrún Helgadóttir, Birgitta Jónsdóttir, Björn Leví Gunnarsson, Einar Brynjólfsson, Gunnar Hrafn Jónsson, Gunnar I. Guðmundsson, Halldóra Mogensen, Smári McCarthy, Sara Elísa Þórðardóttir, Þórhildur Sunna Ævarsdóttir og Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir. Fundarstjóri var Jón Þórisson. Berglind ritaði fundargerð.

Nr. 14/2017

1. Fundargerð

Fundargerð frá 8. mars var samþykkt.

2. Dagskráin í dag

Ásta fór yfir dagskrá þingfundar í dag. Ákveðið var að Birgitta, Smári og Ásta Guðrún taki þátt í umræðum um munnlega skýrslu fjármála- og efnahagsráðherra um afnám fjárhagshafta. Ásta greindi frá fundi í gær um afnám fjárhagshafta og því sem fram fór á fundi þingflokksformanna í dag. Rætt um afnám fjárhagshafta og nefnd um endurskoðun peningastefnu.

3. Bríf úr nefndum

Smári gerði grein fyrir fundi efnahags- og viðskiptanefndar í gær um afnám fjármagnshafta. Þórhildur Sunna gerði grein fyrir fundum sínum á vegum Evrópuráðsþingsins.

4. Tilnefningar í stjórnir og Landsdóm

Tillögur að tilnefningum ræddar. Samþykktar voru samhljóða tilnefningar aðal- og varamanna í Landsdóm og stjórn Rarik. Ásta Guðrún hefur samband við tilnefnda. Ákveðið var að halda aukafund um tilnefningar í stjórnir á morgun kl. 16.

5. Rammaáætlun

Dagskrárlið frestað.

6. Strategíuflæði

Dagskrárlið frestað.

7. Önnur mál

Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið kl. 14.30